

FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Staða og horfur í efnahagsmálum


Apríl 2018


Samantekt


- Hægir á hagvexti (hagvöxtur 3,6% árið 2017)
- Viðskiptakjör og ferðaþjónusta með stærstu framlögin
- Traust innri og ytri staða þjóðarbúsins
- Verðbólga í fyrsta sinn yfir 2½% markmiðinu síðan í janúar 2014
- Ábyrg stefna í ríkisfjármálum
- Hröð lækkun skuldahlutfalls, bæði í einkageiranum og hjá hinu opinbera
- Hækkun lánshæfismats ríkissjóðs
- Vel fjármagnað bankakerfi – eiginfjárhlutfall yfir 25%
- Afnám hafta
- Áframhaldandi hagstæðar efnahagshorfur

Hægir á hagvexti


- Hagvöxtur 2017, 3,6% (7,5%, 2016)
- Atvinnuleysi (mælt) í febrúar 2018, 2,4%
- Verðbólga
  - Vísitala neysluverðs, mars 2018, 2,8%
  - Samræmd vísitala neysluv., mars 2018, 0,3%
- Jákvæður viðskiptajöfnuður
- 2,2 milljónir erlendir ferðamenn til Íslands árið 2017









Þróun helstu hagstæða, ársbreyting




Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands




Heimild: Hagstofa Íslands




Heimild: Hagstofa Íslands

Spár


- Hagstofa Íslands spáir 2,9% hagvexti 2018 sem er 0,2 prósentustigi minni vöxtur en fyrri spá.
- Seðlabanki Íslands hefur einnig lækkað hagvaxtarspá sína fyrir 2018 úr 3,4% í 3,2%
- Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) og OECD sendu í haust frá sér nýjar spár um íslenska hagkerfið
- Spárnar gera allar ráð fyrir því að verðbólga fari yfir markmið Seðlabankans (2,5%) á þessu ári



Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabankinn, AGS, OECD



Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabankinn, AGS, OECD



Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabankinn, AGS, OECD


Helstu þjóðhagsstærðir - Þjóðhagsspá Hagstofunnar

Magnbreyting frá fyrra ári – spá birt 23. febrúar 2018


	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Einkaneysla	7,7	5	3,7	3,1	2,9	2,6	2,5
Samneysla	2,8	2	1,6	1,4	1,6	1,6	1,6
Fjármunamyndun	9,3	1,3	5,1	3,5	1,7	3,6	4,2
Atvinnuvegir	3,6	-4,3	3,1	2,6	0,1	3,3	4,7
Íbúðarhúsnæði	24,2	19,3	12,3	8,1	5,7	4,7	3,5
Starfsemi hins opinbera	26,8	12	4	0,8	3,1	3,1	3,2
Þjóðarútgjöld	7,2	3,5	3,6	2,8	2,4	2,7	2,6
Útflutningur alls	3,5	4,1	3,5	3	2,6	2,5	2,5
Innflutningur alls	11	5,7	5,3	3,4	2,4	2,7	2,7
Verg landsframleiðsla	**3,8**	**2,9**	**2,8**	**2,6**	**2,5**	**2,6**	**2,5**

Alþjóðlegur samanburður


- Mesti hagvöxtur árið 2016 á meðal ríkja OECD var á Íslandi
- Atvinnuþátttaka er hér mest meðal ríkja OECD, bæði meðal karla og kvenna
- Atvinnuleysi á Íslandi var 3% á árinu 2017



Heimild: OECD




Heimild: OECD




Heimild: OECD

Íbúar


- Fjöldi íbúa 4. ársfjórðungur 2017: 348.580
- Lífslíkur (2016): Karlar: 80,7, konur: 83,7
- Erlendir ríkisborgarar (2017): 30.275, þar af 13.795 frá Póllandi
- Á fjórða ársfjórðungi 2017 fluttu 2.470 erlendir ríkisborgarar til landsins en 1.190 frá því



Heimild: Hagstofa Íslands




Heimild: Hagstofa Íslands




Heimild: Hagstofa Íslands

Einkaneysla


- Mikill vöxtur einkaneyslu frá árinu 2013
- Einkaneysla sem hlutfall af VLF er enn undir langtíma meðaltali
- Brottfarir Íslendinga frá Keflavíkurflugvelli hafa aukist, sérstaklega frá 2015
- Aukinn vöxtur í greiðslukortaveltu Íslendinga



Heimild: Seðlabanki Íslands




Heimild: Hagstofa Íslands




Heimild: Ferðamálastofa

Húsnæðismarkaður


- Velta á fasteignamarkaði hefur aukist og húsnæðisverð hefur hækkað umfram almennt verðlag
- Verð hefur hækkað verulega en tekið er að hægja á hækkun þess
- Nýbyggingar íbúðahúsnæðis hafa ekki getað annað eftirspurn vegna íbúafjölgunar og aukningar ferðaþjónustu
- Verð er nú hátt í sögulegu samhengi og virðist hafa hækkað umfram launavöxt á undanförnum mánuðum



Heimild: Seðlabanki Íslands




Heimild: Hagstofa Íslands




Heimild: Seðlabanki Íslands

Fjárfesting


- Atvinnuvegafjárfesting hefur hækkað sem hlutfall af VLF á síðustu árum
- Lán til ferðaþjónustufyrirtækja hafa aukist verulega á undanförnum misserum í samræmi við aukna fjárfestingu í greininni
- Í lok ársins 2016 námu útlán til ferðaþjónustufyrirtækja 8,5% af lánum til einkageirans



Heimild: Hagstofa Íslands




Heimild: Hagstofa Íslands




Heimild: Hagstofa Íslands

Ytri staða þjóðarbúsins


- Raungengi miðað við hlutfallslegt neysluverð hefur hækkað verulega frá haustinu 2009. Raungengi miðað við hlutfallslegt verðlag lækkaði milli fjórðunga á þriðja ársfjórðungi.
- Hækkun raungengis má rekja að mestu leyti til hækkunar á nafngengi krónunnar
- Hrein erlend staða þjóðarbúsins hefur batnað verulega og var í fyrsta skipti jákvæð í lok ársins 2016. Í lok árs 2017 stóð hún í 7,5% af VLF.



Heimild: Seðlabanki Íslands, PM 2017/4




Heimild: Seðlabanki Íslands



Heimild: Seðlabanki Íslands


Utanríkisviðskipti og viðskiptakjör

- Viðskiptakjör hafa batnað verulega og útflutningur vaxið hratt frá árinu 2013
- Hækkun gengis krónunnar stafar að miklu leyti af hröðum vexti ferðaþjónustu, betri viðskiptakjörum og bættri ytri stöðu þjóðarbúsins
- Útflutningur vöru og þjónustu hækkaði um 11% árið 2016
- Afgangur á vöru- og þjónustujöfnuði árið 2017 var 105 ma. kr.




Heimild: Seðlabanki Íslands, PM 2017/4

Heildarútflutningur vöru og þjónustu 2017, 4. ársfj.




Heimild: Hagstofa Íslands




Heimild: Hagstofa Íslands


Utanríkisviðskipti

- Tekjur af erlendum ferðamönnum hérlendis og erlendis námu 97 ma.kr. á fjórða ársfjórðungi 2017 og jukust um 8,2% á verðlagi hvers árs frá sama tímabili árið áður
- Þjónustujöfnuðurinn viðheldur viðskiptaafgangi
- Hlutur ferða- og samgönguþjónustu í þjónustuútflutningi nam 68% á fjórða ársfjórðungi 2017, þar af var hlutur ferðaþjónustu 38%.



Heimild: Seðlabanki Íslands






Heimild: Seðlabanki Íslands


Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands

Skuldastaða heimila

- Heildarskuldir heimilanna sem hlutfall af VLF hafa lækkað jafnt og þétt frá árinu 2009 fram til seinni hluta ársins 2016 en þá tóku þær að aukast aftur
- Skuldir heimila hafa ekki vaxið í samræmi við hækkun fasteignaverðs
- Hlutur óverðtryggðra íbúðalána af nýjum útlánum innlánsstofnana hefur aukist aftur
- Skuldir heimila sem hlutfall af ráðstöfunartekjum námu um 150% í lok árs 2017 og hefur hlutfallið ekki verið lægra síðan fyrir síðustu aldamót




Heimild: Seðlabanki Íslands




Heimild: Seðlabanki Íslands

Skuldastaða fyrirtækja

- Skuldir fyrirtækja hafa lækkað samfellt frá árinu 2009 til ársins 2016 en á árinu 2017 jukust þær um 4,7% að raunvirði
- Í árslok 2017 námu útlán til fyrirtækja í ferðaþjónustu um 9% af heildarútlánum stóru viðskiptabankanna
- Fjárhagsstaða fyrirtækja er sterk samkvæmt upplýsingum hagstofunnar um afkomu fyrirtækja á árinu 2016
- Fyrirtækjum á vanskilaskrá hefur farið fækkandi síðustu ár




Heimild: Seðlabanki Íslands




Heimild: Seðlabanki Íslands


Vinnumarkaður




Heimild: Seðlabanki Íslands, PM 2018/1



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Seðlabanki Íslands, PM 2018/1




Heimild: Hagstofa Íslands

Vinnumarkaður


- Frá árinu 1996 voru flestir erlendir innflytjendur til Íslands pólskir ríkisborgarar, nema árið 2004, þegar portúgalskir ríkisborgarar voru fjölmennastir
- Í árslok 2017 voru 24.340 erlendir ríkisborgarar á vinnumarkaði, 12,4% af mannfjölda á vinnumarkaði
- Í árslok 2017 var hlutfall erlendra ríkisborgara af skráðu atvinnuleysi 26%

Vinnuafl (fjöldi)



Heimild: Vinnumálastofnun


Atvinnuleysi, erlendir ríkisborgarar (% af heild)



Heimild: Vinnumálastofnun

Framleiðni vinnuafls


- Framleiðni vinnuafls hefur aukist undanfarin ár
- Framleiðniaukningin var mest í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð, ferðaþjónustu og í upplýsinga- og fjarskiptageiranum.
- Framleiðni er þó enn nokkuð minni en á hinum norðurlöndunum.



Heimild: Hagstofa Íslands

Gini-stuðullinn í Evrópu árið 2016


- Gini-stuðullinn er alþjóðlegur mælikvarði á tekjujöfnuð. Stuðullinn er frá 0, sem endurspeglar fullkominn jöfnuð (þegar allir hafa sömu tekjur) og 1, sem gefur til kynna fullkominn ójöfnuð.
- Gini-stuðullinn er hvergi í Evrópu lægri en á Íslandi




Heimild: Eurostat

Ferðaþjónusta


- Heildarfjöldi erlendra ferðamanna til Íslands var um 2,2 milljónir árið 2017. Það er 24% aukning frá 2016
- Hægir verulega á fjölgun ferðamanna
- Bandaríkjamenn og Bretar eru fjölmennastir af erlendum ferðamönnum í Leifsstöð eða 41% af öllum ferðamönnum á árinu 2017



Heimild: Ferðamálastofa




Heimild: Ferðamálastofa




Heimild: Ferðamálastofa

Ferðaþjónusta


- Gistinóttum á hótelum fjölgaði um 4% í febrúar frá sama mánuði árið áður
- Fjöldi gistinátta jókst um 10% milli 2016 og 2017
- Nýting gistirýmis er mikil, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu
- Kortavelta ferðamanna og fjöldi seldra gistinátta á hótelum hefur aukist ár frá ári undanfarin ár



Heimild: Hagstofa Íslands




Heimild: Hagstofa Íslands




Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar

Sjávarútvegur

Verð sjávarafurða og gengi




Afli og verðmæti, mánaðar tölur




Heimild: Hagstofa Íslands

Útfluttar sjávarafurðir, virði



Heimild: Hagstofa Íslands


Afkoma sjávarútvegsins




Heimild: Hagstofa Íslands

Álið


- Þrjú álver eru starfandi í landinu, Fjarðarál á Reyðarfirði, Alcan í Straumsvík og Century Aluminium á Grundartanga
- Útflutningur áls var um 17% af öllum útflutningi vöru og þjónustu frá landinu á árinu 2017
- Álver á Íslandi kaupa um 72% allrar raforku á Íslandi



Heimild: Hagstofa Íslands




Heimild: Hagstofa Íslands




Heimild: Hagstofa Íslands


Orkan




Heimild: Orkustofnun



Heimild: Orkustofnun




Heimild: Landsvirkjun




Heimild: Orkustofnun

Peningastjórn

- Meginvextir SÍ, þ.e. vextir á 7 daga bundnum innlánum, hafa verið að lækka frá því í ágúst 2016 þegar þeir voru 5,75%
- Seðlabankinn lækkaði vexti um 0,25% í október og eru þeir nú 4,25%
- Seðlabankinn hefur dregið úr inngripum á gjaldeyrismarkaði í ljósi rúmrar forðastöðu enda er gengishækkunin talin endurspegla undirliggjandi efnahagsþróun.



Heimild: Seðlabanki Íslands




Heimild: Seðlabanki Íslands

Gengið


- Gengi íslensku krónunnar hefur styrkst um 3,5% frá ársbyrjun 2018
- Gengisstyrkingu áranna 2015 og 2016 má að mestu leyti rekja til vaxtar ferðaþjónustu, mikils viðskiptakjarabata og stórbættrar ytri stöðu þjóðarbúsins.
- Hækkunin endurspeglar því aðlögun krónunnar að hærra jafnvægisraungengi fremur en innflæði í tengslum við vaxtamunarviðskipti.

Vísitala meðalgengis (viðskipavog þröng)



Heimild: Seðlabanki Íslands


Gengi krónunnar




Heimild: Seðlabanki Íslands

Vextir

- Langtímavextir hafa hækkað í Bandaríkjunum og Bretlandi en í Þýskalandi og Japan eru þeir nánast óbreyttir
- Ávöxtunarkrafa verðtryggðra og óverðtryggðra skuldabréfa hefur lækkað
- Lækkun skuldabréfavaxta virðist endurspegla lægri verðbólguvæntingar markaðsaðila og væntingar þeirra um lægri vexti Seðlabankans.



Heimild: Seðlabanki Íslands




Heimild: Seðlabanki Íslands

Fjármálakerfið

- Fjármálakerfið stendur vel um þessar mundir, eiginfjárhlutföll eru há, lausafjárstaða góð og vanefndir með minnsta móti þar sem staða lántakenda er sterk. Bankarnir eru því vel í stakk búnir til að mæta áföllum.
- Innlendar eignir lífeyrissjóða jukust mikið í skjóli fjármagnshafta

Ma.kr.


Eignir lífeyrissjóða



Heimild: Seðlabanki Íslands

% af VLF


Fjármálakerfið, eignir sem hlutfall af VLF



Heimild: Seðlabanki Íslands


Viðskiptabankar

- Vanskilahlutföll heimila og fyrirtækja hafa lækkað
- Eiginfjár- og lausafjárhlutföll viðskiptabankanna eru há



1. Vanskilalán banka sem hlutfall af brúttó útlánasafni án niðurfærslna. Gildi miðast við F3-2017 fyrir Danmörk, Írland og Grikkland og F2-2017 fyrir Noreg. 2. Ísland. 2007: Tölur áætlaðar út frá ársreikningum föllnu bankanna. 2008: Áætlað af SÍ.

Heimild: Seðlabanki Íslands



1. Eiginfjárgrunnur sem hlutfall af áhættugrunni. 2. Búið er að taka tillit til lækkunar eigin fjár vegna 25 ma.kr. arðgreiðslu Arion banka sem kom til framkvæmda á árinu 2018, en framsetning ársreiknings bankans fyrir árið 2017 er með þeim hætti.

Heimild: Seðlabanki Íslands



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Takk fyrir

www.fjr.is